

**Nd.**

## **ISS. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá 2. hluta fjárhagsnefndar (Sv. Ó., Jör. B., H. Stef.).

Vjer undirritaðir höfum eigi getað fylgt meðnefndarmönnum vorum um meðferð þessa máls.

Flutningsmenn frumvarpsins hafa borið það fram í sparnaðarskyni og hafa með því sett hæst met um sparnað, því að eftir frv. er bersýnilegt, að þingmenn úr fjarlægum hjeruðum, sem eigi njóta vilkjara af dvöl hjá vinum eða vandamönnum, geta orðið sjálfs sín ómagar meðan þeir sitja á þingi.

Frumvarpið ætlar þingmönnum 12 kr. dagkaup án uppbótar, og samsvarar það með núverandi lággengi um 5,6 fullgildum krónum. Kaupið verður því mun minna en það var fyrir stríð og lægra en verkkaup óbreyttra erfiðismanna við tímavinnu.

Fyrir þingmenn, sem búsettir eru í Reykjavík, getur kaup þetta samt nægt vel til hóflegar neyslu, og fyrir reykviska þingmenn, sem njóta launa eða styrks úr rikissjóði og engu starfi drepa niður með þingsetunni, er það rikmannleg launabót. Sparnaðurinn kemur því einkum niður á bændum þeim eða alþýðumönnum, sem úr fjarlægum hjeruðum koma og oft verða að ráða dýra menn til forstöðu heimilum sínum meðan á þingför stendur.

Vjer teljum að vísu vel gerlegt að draga úr gjöldum rikissjóðs með niðurfærslu þingfararkaups meðan fjárhagur er svo þröngur, sem nú er hann, og takmarka kaupið við lægstu þurftarlaun, en vjer teljum óforsvaranlegt að gera það á þann hátt, að skakkafallið lendi eingöngu á þeim, sem úr fjarlægum hjeruðum koma og erfiðasta eiga aðstöðu.

Um ferðakostnað þingmanna sjáum vjer eigi, að ákvæði frv. geti staðist, og yfirleitt ekki fært að fastákveða hann. Hann fer hvert sinn eftir því, hvernig skipaferðir falla og hlýtur að ákvarðast af ýmsum ófyrirsjáanlegum atvikum, svo sem fjarlægð bústaðar þingmanns frá hafnarstað, af vegalengd til þings, ef um landferðir er að ræða og skipaferðir teppast, sem auðveldlega getur að vetri komið fyrir, o. s. frv. Ennfremur er fargjald breytilegt með strandskipum og mun hafa fallið um nærfelt  $\frac{1}{3}$  á undanförunum tveim árum.

Oss virðist því einsætt, að fara verði eftir ákvæðum gildandi laga um ferðakostnaðinn og greiða hann eftir reikningi. Sú regla hefir yfirleitt gefist vel og er sanngjarnleg. Hafi hún verið eða verði hún misbrúkuð, er engu um að kenna öðru en þingfararkaupsnefnd þingsins, og óviðurkvæmilegt er að gera ráð fyrir því, að hún samþykki ranga eða ósanngjarnlega reikninga.

Út af framansögðu leggjum vjer því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Greinin orðist eins og lagt er til á þingskjali 47.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:  
Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn eftir reikningi.  
Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkauptsreikninga þingmanna, en forsetar þingsins ávísa upphæðunum.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 20. mars 1924.

Sveinn Ólafsson,  
frsm.

Jörundur Brynjólfsson,  
fundaskrifari.

Halldór Stefánsson.